



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Siglingaaðstaða í Skerjafirði

Á fundi borgarráðs 19. nóvember 2020 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Á fundi borgarráðs 19. nóvember er lagt til að teknar verði upp viðræður við Brokey og sett fram framtíðarsýn um siglingaaðstöðu í Fossvogi og nýrri byggð í Skerjafirði. Fulltrúi flokks fólksins veltir fyrir sér og spyr hvort það þýði landsfyllingar og þá hversu mikið. Á enn að ganga á náttúrulegar fjörur?

Fyrirspurninni var vísað til íþróttá- og tómsfundasviðs til umsagnar.

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey hefur um nokkra ára skeið óskað eftir að fá aðstöðu til að stunda kennslu og æfingar fyrir smærri seglbáta (kænur) í Reykjavík.

Í viðræðum félagsins við skipulagsyfirköld, sem og íþróttá- og tómsfundasvið hafa hugmyndir um nýja aðstöðu í Skerjafirði verið kynntar. Nú er verið að meta umhverfisáhrif væntanlegrar landfyllingar á lífríkið ofl. og öll skipulagsvinna er háð niðurstöðu úr því mati. Öll möguleg aðstaða og útfærsla fyrir starfsemi Brokeyjar í Skerjafirði verður skoðuð í 2. áfanga skipulagsvinnunar fyrir Skerjafjörð, sem nær m.a. yfir umrædda landfyllingu.

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri